**VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR**

# Ársskýrsla 2015

Vinnustaðanámssjóður er starfræktur skv. lögum nr. 71/2012 um vinnustaðanámssjóð og veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi. Styrkir til vinnustaðanáms eru veittir á grundvelli ákvörðunar um framlög á fjárlögum hvers árs.

## Stjórn Vinnustaðanámssjóðs

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar níu aðalmenn og níu varamenn í stjórn vinnustaðanámssjóðs til fjögurra ára í senn. Eftirfarandi aðilar tilnefna í stjórn sjóðsins: Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasamband Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Formaður og varaformaður Vinnustaðanámssjóðs eru skipaðir án tilnefningar. Stjórn hefur yfirumsjón með sjóðnum, tekur ákvörðun um úthlutun og hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sjóðsins.

Stjórn Vinnustaðanámssjóðs árið 2015 skipuðu:

- *Ólafur Grétar Kristjánsson*, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, formaður
- *Halldóra Friðjónsdóttir*, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis
- Fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja:
  *Birna Ólafsdóttir*, nefndarmaður
  *Jakobína Eygló Benediktsdóttir*, varamaður
- Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins:
  *Guðrún Svanfríður Eyjólfsdóttir*, nefndarmaður
  *Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,* varamaður
- Fulltrúar Sambands íslenskra framhaldsskólanema:
  *Hildur Björgvinsdóttir,* nefndarmaður
  *Arnhildur Lilý Karlsdóttir,* varamaður
- Fulltrúar Félags íslenskra framhaldsskóla:
  *Jón Björgvin Stefánsson,* nefndarmaður
  *Olga Lísa Garðarsdóttir,* varamaður
- Fulltrúar Alþýðusambands Íslands:
  *Níels Sigurður Olgeirsson,* nefndarmaður
  *Hilmar Harðarson,* varamaður
- Fulltrúar Kennarasambands Íslands:
  *Sigurgeir Sveinsson,* nefndarmaður
  *Guðný Lára Petersen*, varamaður
- Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
  *Sólveig Bachmann Gunnarsdóttir*, nefndarmaður
  *Tryggvi Þórhallsson*, varamaður


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

Stjórnin hélt fimm fundi á árinu:

- 23. mars
- 16. júní
- 2. október
- 2. nóvember
- 14. desember

**Umsýsla**

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís, er að sjá um alla almenna umsýslu í kringum Vinnustaðanámssjóð. Rannís sér um að auglýsa umsóknarfresti fyrir hönd stjórnar, tekur á móti umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi og sendir þær áfram til réttra umsjónaraðila. Rannís sér um að svara öllum umsækjendum og gerir samning við styrkþega ef úthlutun er milljón kr. eða hærri. Stofnunin sér einnig um lokaskýrslur og tölfræði vegna sjóðsins, upplýsingagjöf til umsækjenda og utanumhald funda stjórnar.

Rannís sér um að vinna umsóknir frá heilbrigðis- og félagsgreinum og uppeldis- og tómstundagreinum, Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins sér um rafiðngreinar og IÐAN fræðslusetur sér um bygginga- og mannvirkjagreinar, farartækja- og flutningsgreinar, hönnunar- og handverksgreinar, matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar, málm-, véltækni- og framleiðslugreinar, snyrtigreinar og upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Þegar farið er yfir umsóknir er athugað hvort námssamningur sé fyrir hendi.

Eftir að stjórn hefur samþykkt úthlutun fá umsækjendur senda staðfestingu um styrkveitingar með tölvupósti. Í framhaldi af því er fyrsta greiðsla (50%) innt af hendi, að því skilyrði uppfylltu að staðfestur náms- eða starfsþjálfunarsamningur liggi fyrir og samningur undirritaður þegar það á við. Að vinnustaðanámi eða starfsþjálfun lokinni sendir ábyrgðaraðili vinnustaðanáms staðfestingu þess að framvinda vinnustaðanáms standist skilyrði styrkveitingarinnar. Þá er lokagreiðsla innt af hendi. Á árinu 2015 greiddu IÐAN fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafiðnarins sínum hluta umsækjenda. Mennta- og menningarmálaráðuneytið greiddi vegna þeirra umsókna sem Rannís sá um að fara yfir.

Umsýslu sjóðsins annaðist Hulda Hrafnkelsdóttir, starfsmaður Rannís. Í október tók Jón Svanur Jóhannsson við allri umsýslu innlendra menntasjóða hjá stofnuninni og annaðist umsýslu Vinnustaðanámssjóðs ásamt Huldu frá nóvember og út árið.

**Starfsemi**

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 150 m.kr. á fjárlögum 2015, sem var óbreytt upphæð frá því árið áður. Að frádregnum umsýslukostnaði upp á um 20 milljónir króna hafði sjóðurinn um 130 m.kr.


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

til ráðstöfunar á árinu. Rannís hélt áfram samstarfi við IÐUNA og Rafiðnaðarsambandið um tiltekna þætti í framkvæmd þessara styrkveitinga.

Ákveðið var að hafa umsóknarfresti í sjóðinn fjóra, eins og árið á undan, og að styrkupphæðin myndi nema 12.000 kr. á viku fyrir hvern nema. Vegna mikillar aðsóknar í sjóðinn þurfti hins vegar að lækka styrkupphæðina í þriðju úthlutun niður í 5.000 kr. á viku fyrir hvern nema og var jafnframt ákveðið að fella fjórðu úthlutun niður.

Á fyrri hluta ársins bárust 158 umsóknir um styrki fyrir alls 10.317 vikur vegna 595 nema og var úthlutað styrkjum fyrir alls 8.618 vikur. Á seinni helmingi ársins bárust 127 styrkumsóknir fyrir alls 9.661 viku vegna 498 nema og var úthlutað styrkjum fyrir alls 8.597 vikur. Alls var því úthlutað styrkjum fyrir 17.215 vikum á árinu 2015.

Styrkupphæðin var 12.000 kr. á viku á fyrri hluta ársins og 5.000 kr. á viku á seinni hluta árs. Stjórn Vinnustaðanámssjóðs ákvað að senda út bréf til allra styrkþega á seinni hluta ársins þar sem fram kom að leitast yrði við að leiðrétta þessa skerðingu á styrkupphæðinni með því að veita öllum styrkþegum 7.000 kr. aukastyrk á viku snemma árs 2016 og nýta þannig fyrirséða aukafjárveitingu þess árs til þess að halda styrkupphæðinni í 12.000 kr. á viku. Aukaúthlutunin nam alls 60,2 m.kr. og nam því heildarúthlutun ársins 206,6 m.kr.

Þegar tímabilið var gert upp í árslok varð ljóst að endanlegur fjöldi vinnustaðanámsvikna sem staðist höfðu skilyrði styrkveitingarinnar nam 15.266,5 vikum og voru því greiddar út um 183,2 milljónir króna í vinnustaðanám fyrir árið 2015 að aukaúthlutun meðtalinni.

Í árslok var komin upp nokkur óánægja innan stjórnar vegna fjárhagsstöðu Vinnustaðanámssjóðs, ekki síst vegna þess að skera þurfti niður fjárframlög í þriðju úthlutun og fella niður þá fjórðu. Eins lýstu stjórnarmenn yfir þeirri skoðun sinni að umsýslukostnaður sjóðsins væri of mikill. Ákvað stjórnin að leggja allt kapp á það í byrjun árs 2016 að leita leiða til að minnka umsýslukostnaðinn svo nýta mætti fjármunina betur í þágu umsækjenda.

**Úthlutanir**

Styrkjum var úthlutað til 44 greina, mest til matreiðslu (37,67%), framreiðslu (10,98%), sjúkraliðanáms (7,56%), vélvirkjunar (5,96%) og kjötiðnar (5,50%).

Greinar í matvæla-, veitinga og ferðaþjónustugeiranum fengu langmestu styrkveitinguna á árinu 2015 eða alls 108,3 m.kr. af þeim 183,2 m.kr. sem úthlutað var. Þetta jafngildir 59,11% af heildarúthlutun ársins. Um er að ræða aukið hlutfall samanborið við árið 2014 en þá var matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinum úthlutað alls 105,7 m.kr. eða 56,45% af heildarúthlutun þess árs.

Næstmesta úthlutun á árinu 2015 hlutu bygginga- og mannvirkjagreinar sem fengu alls 18 m.kr. eða 9,84%. Árið 2014 var úthlutunin í þeim geira 17,4 m.kr. eða 9,28%.


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

rannís

Heilbrigðis- og félagsgreinar fengu alls 15,9 m.kr. (8,67% allrar úthlutunar) á árinu 2015, samanborið við 14,2 m.kr. (7,57%) frá því árið áður.

Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar fengu 14,5 m.kr. í sinn hlut (7,93%), sem var örlítil aukning frá árinu 2014 þegar úthlutunin nam 14,1 m.kr. (7,57%).

Snyrtigreinar voru sá geiri sem varð fyrir mestri skerðingu á milli ára en alls var 14,5 m.kr. (7,91%) úthlutað á árinu 2015 samanborið við 18,2 m.kr. (9,72%) árið 2014. Snyrtigreinar voru þannig í fimmta sæti yfir mest styrktu greinar á árinu 2015 eftir að hafa hlotið næstmesta styrkinn árið áður.

Á næstu blaðsíðum eru þrjár töflur sem sýna helstu úthlutunartölur Vinnustaðanámssjóðs á þessu og síðustu árum. Tafla 1 birtir upplýsingar um heildarúthlutun Vinnustaðanámssjóðs hefur þróast á síðustu fimm árum; tafla 2 inniheldur upplýsingar um úthlutun til einstakra fyrirtækja á árinu 2015; og í töflu 3 má finna tölulegar upplýsingar um skiptingu úthlutunar eftir starfsnámsbrautum á árinu.

## Tafla 1. Heildarúthlutun Vinnustaðanámssjóðs á árinu 2015

Til samanburðar eru birtar tölur yfir úthlutanir áranna 2011-2014:

| Tímabil | Fjöldi fyrirt./stofnana | Fjöldi nemenda | Greiðsla á viku | Heildarúthlutun |
|---|---:|---:|---:|---:|
| **Haust 2011** | 56 | 182 | 20.000 kr. | 54,5 m.kr. |
| **Vor 2012** | 113 | 352 | 17.000 kr. | 83,8 m.kr. |
| **Haust 2012** | 110 | 396 | 14.000 kr. | 76,5 m.kr. |
| **Vor 2013** | 134 | 491 | 12.000 kr. | 75,8 m.kr. |
| **Haust 2013** | 119 | 402 | 12.000 kr. | 72,0 m.kr. |
| **Vor 2014** | 142 | 498 | 12.000 kr. | 94,4 m.kr. |
| **Haust 2014** | 118 | 492 | 12.000 kr. | 92,8 m.kr. |
| **Vor 2015** | 140 | 554 | 12.000 kr. | 103,4 m.kr. |
| **Haust 2015** | 127 | 498 | 5.000 kr. | 43,0 m.kr. |
| **Aukaúthlutun**[1] | 127 | 498 | 7.000 kr. | 60,2 m.kr. |

[1] Stjórn VNS ákvað að veita öllum styrkþegum í haustúthlutun 2015 aukastyrk upp á 7.000 krónur til þess að leiðrétta þá skerðingu sem varð á styrkupphæðinni í þeirri úthlutun. Þessi aukaúthlutun var tekin af fjárlögum ársins 2016 en þar sem hún var nýtt til þess að hækka áðurnefnda styrkupphæð birtist hún í þessari töflu.


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

**Tafla 2. Listi yfir úthlutanir árið 2015**

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. ** |
|---|---|---|---|---|
| *101 Hár ehf.* | Hársnyrtiiðn | 2 | 36 | 432.000 |
| *3X Technology ehf.* | Málmsuða | 5 | 80 | 960.000 |
| *Abaco ehf.* | Snyrtifræði | 1 | 20 | 240.000 |
| *A1 málun ehf.* | Málaraiðn | 2 | 25 | 300.000 |
| *Aðalmúr ehf.* | Múraraiðn | 4 | 111 | 1.332.000 |
| *Afltak ehf.* | Húsasmíði | 4 | 96 | 1.152.000 |
| *AH Pípulagnir ehf.* | Pípulagnir | 1 | 24 | 288.000 |
| *Akraneskaupstaður* | Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla | 1 | 3 | 36.000 |
| *Alhliða pípulagnir sf.* | Pípulagnir | 14 | 178 | 2.136.000 |
| *Ametyst hár- og förðunarstofa ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 12 | 144.000 |
| *Annríki – Þjóðbúningar og skart ehf.* | Kjólasaumur | 1 | 16 | 192.000 |
| *Austurströnd ehf.* | Bakaraiðn | 2 | 44 | 528.000 |
| *Átak heilsurækt ehf.* | Snyrtifræði | 2 | 62 | 744.000 |
| *B.B. Bílaréttingar ehf.* | Bifreiðasmíði | 1 | 15 | 180.000 |
| *B. Markan-Pípulagnir ehf.* | Pípulagnir | 1 | 12 | 144.000 |
| *Bakarameistarinn ehf.* | Bakaraiðn | 6 | 118 | 1.416.000 |
| *Bankastræti 2 ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 15 | 263 | 3.156.000 |
| *Bautinn ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 11 | 212 | 2.544.000 |
| *BB byggingar ehf.* | Húsasmíði | 2 | 48 | 576.000 |
| *Bernhard ehf.* | Bifvélavirkjun | 3 | 58 | 696.000 |
| *Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf.* | Bifvélavirkjun | 1 | 21 | 252.000 |
| *Bílaverkstæði Kjart/Þorgeirs ehf.* | Bifvélavirkjun | 1 | 17 | 204.000 |
| *Bílson ehf.* | Bifvélavirkjun | 4 | 78 | 936.000 |
| *Bláa Lónið hf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 40 | 610 | 7.320.000 |
| *Blikk- og tækniþjónustan ehf.* | Blikksmíði | 1 | 16 | 192.000 |
| *Bogi ehf.* | Gull- og silfursmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Bólsturverk sf.* | Húsgagnabólstrun | 1 | 18 | 216.000 |
| *Bú ehf.* | Matreiðsla | 5 | 83 | 996.000 |
| *Brimborg ehf.* | Bifvélavirkjun og vélvirkjun | 10 | 184 | 2.208.000 |
| *Byggingafélagið Hyrna* | Húsasmíði og húsgagnasmíði | 2 | 44 | 528.000 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| **Fyrirtæki/stofnun** | **Námsbraut/starfsgrein** | **Fjöldi nema*** | **Samtals vikur** | **Samtals kr. **** |
|---|---|---|---|---|
| *Comfort Snyrtistofa ehf.* | Snyrtifræði | 4 | 57 | 684.000 |
| *Egill Steinar Gíslason* | Húsasmíði | 1 | 7 | 84.000 |
| *Elektrus ehf.* | Rafvirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| *Esja Gæðafæði ehf.* | Kjötiðn | 8 | 124 | 1.488.000 |
| *Eykt ehf.* | Húsasmíði | 10 | 143 | 1.716.000 |
| *Fagsmíði ehf.* | Húsasmíði | 7 | 104 | 1.248.000 |
| *Ferskar kjötvörur* | Kjötiðn | 4 | 73 | 876.000 |
| *Fiskmarkaðurinn ehf.* | Matreiðsla | 26 | 370 | 4.440.000 |
| *Fjarðarmót ehf.* | Húsasmíði | 2 | 46 | 552.000 |
| *Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra* | Skólaliðabraut | 1 | 12 | 144.000 |
| *Flugleiðahótel ehf.* | Matreiðsla, framreiðsla og bakaraiðn | 137 | 2.528 | 30.336.000 |
| *Gamla Fiskfélagið ehf.* | Matreiðsla | 15 | 245 | 2.940.000 |
| *Garðvík ehf.* | Skrúðgarðyrkja | 2 | 12,5 | 150.000 |
| *GJ Veitingar ehf.* | Framreiðsla | 3 | 43 | 516.000 |
| *GK gluggar ehf.* | Húsasmíði | 1 | 21 | 252.000 |
| *Grasagarður Reykjavíkur* | Garðyrkjuframleiðsla | 1 | 24 | 288.000 |
| *Grill markaðurinn ehf.* | Matreiðsla | 32 | 437 | 5.244.000 |
| *Grund, elli- og hjúkrunarheimili* | Sjúkraliðanám | 11 | 30 | 360.000 |
| *GT Tækni ehf.* | Rafvirkjun | 2 | 48 | 576.000 |
| *Hairdoo ehf.* | Hársnyrtiiðn | 2 | 21 | 252.000 |
| *Hárgreiðslustofa Helenu – Stubbalubbar* | Hárnsyrtiiðn | 1 | 20 | 240.000 |
| *Hársaga gallery ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 20 | 240.000 |
| *Hársnyrtistofan Korner ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 8 | 96.000 |
| *Hársnyrtistofan Nína ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 10 | 120.000 |
| *HBH Byggir ehf.* | Húsgagnasmíði | 2 | 27 | 324.000 |
| *Heilbrigðisstofnun Austurlands* | Matartæknabraut | 3 | 3 | 36.000 |
| *Heilbrigðisstofnun Norðurlands* | Sjúkraliðanám | 3 | 9 | 108.000 |
| *Heild ehf.* | Pípulagnir | 1 | 18 | 216.000 |
| *Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins* | Læknaritarabraut og heilbrigðisritarabraut | 6 | 37 | 444.000 |
| *Héðinn hf.* | Vélvirkjun og rennismíði | 13 | 160 | 1.920.000 |
| *Hérastubbur ehf.* | Bakaraiðn | 1 | 4 | 48.000 |
| *Hildur Friðriksdóttir/Funky Hárbúlla ehf.* | Hársnyrtiiðn | 4 | 43 | 516.000 |
| *Hjá Guðjónó ehf.* | Prentun | 1 | 24 | 288.000 |
| *Hjá Jóa Fel. – brauð- og kökulist ehf.* | Bakaraiðn | 2 | 33 | 396.000 |
| *H-múr ehf.* | Múraraiðn | 2 | 18 | 216.000 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. ** |
|---|---|---|---|---|
| *Hótel Geysir ehf.* | Matreiðsla | 1 | 15 | 180.000 |
| *Hótel Saga ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 30 | 538 | 6.456.000 |
| *Hrafnhildur Arnardóttir* | Hársnyrtiiðn | 2 | 31 | 372.000 |
| *Hrafnista, Hafnarfirði* | Sjúkraliðanám | 4 | 18 | 216.000 |
| *Hrafnista, dvalarheimili aldraðra* | Sjúkraliðanám | 7 | 26 | 312.000 |
| *Hverfisgata 12 ehf.* | Matreiðsla | 5 | 109 | 1.308.000 |
| *Ísdís ehf.* | Fatatæknir | 1 | 8 | 96.000 |
| *Íslandshótel* | Matreiðsla | 7 | 67 | 804.000 |
| *Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.* | Blikksmíði | 5 | 64 | 768.000 |
| *Jón Halldór Guðmundsson* | Hársnyrtiiðn | 1 | 12 | 144.000 |
| *K6 ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 11 | 243 | 2.916.000 |
| *Kaupfélag Skagfirðinga* | Kjötiðn og vélvirkjun | 6 | 136 | 1.632.000 |
| *KH veitingar ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 30 | 492 | 5.904.000 |
| *Kjarnafæði hf.* | Kjötiðn | 10 | 213 | 2.556.000 |
| *Klettaskóli* | Félagsliðabraut | 1 | 3 | 36.000 |
| *Klæðskerahöllin ehf.* | Kjólasaumur og handíðabraut | 5 | 63 | 756.000 |
| *Kopar Restaurant ehf.* | Matreiðsla | 10 | 238 | 2.856.000 |
| *Kópavogsbær* | Sjúkraliðanám | 1 | 8 | 96.000 |
| *Kraftlagnir ehf.* | Pípulagnir | 5 | 70 | 840.000 |
| *Krappi ehf.* | Húsasmíði | 1 | 10 | 120.000 |
| *Kökulist ehf.* | Bakaraiðn | 1 | 22 | 264.000 |
| *LaBella ehf.* | Hársnyrtiiðn | 6 | 79 | 948.000 |
| *Landspítali* | Matartæknabraut og sjúkraliðanám | 6 | 20 | 240.000 |
| *Landspítali – aðgerðasvið* | Sjúkraliðanám | 2 | 18 | 216.000 |
| *Landspítali – geðsvið* | Sjúkraliðanám | 2 | 23 | 276.000 |
| *Landspítali – göngudeild BUGL* | Hjúkrunarritarabraut | 3 | 22 | 264.000 |
| *Landspítali – Háskólasjúkrahús* | Læknaritarabraut og sjúkraliðanám | 26 | 223 | 2.676.000 |
| *Landspítali – lyflækningasvið* | Sjúkraliðanám | 60 | 460 | 5.520.000 |
| *Landspítali – sjúkrahúsapótek* | Lyfjatækni | 2 | 28 | 336.000 |
| *Landspítali – skurðlæknasvið* | Sjúkraliðanám | 8 | 128 | 1.536.000 |
| *Landspítali – öryggisgeðdeild og réttargeðdeild* | Félagsliðabraut | 2 | 6 | 72.000 |
| *Launafl ehf.* | Vélvirkjun og blikksmíði | 5 | 24 | 288.000 |
| *Lipurtá ehf.* | Snyrtifræði | 5 | 60 | 720.000 |
| *Listasafnið Hótel Holt* | Matreiðsla | 2 | 48 | 576.000 |
| *Listkúnst ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 19 | 228.000 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. ** |
|---|---|---|---|---|
| *Litróf ehf.* | Prentsmíð (grafísk miðlun) | 1 | 21 | 252.000 |
| *Límtré Vírnet ehf.* | Vélvirkjun | 2 | 45 | 540.000 |
| *Ljósmyndir Rutar* | Ljósmyndun | 1 | 13 | 156.000 |
| *Lyfja hf.* | Lyfjatækni | 2 | 20 | 240.000 |
| *Meitill ehf.* | Vélvirkjun | 20 | 250 | 3.000.000 |
| *Mótandi ehf.* | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Mótx ehf.* | Húsasmíði | 1 | 10 | 120.000 |
| *Múrarinn ehf.* | Rafvirkjun | 1 | 21 | 252.000 |
| *Mörk hjúkrunarheimili* | Sjúkraliðanám | 16 | 72 | 864.000 |
| *Noon ehf.* | Hársnyrtiiðn | 3 | 53 | 636.000 |
| *Norðlenska matborðið ehf.* | Kjötiðn | 13 | 288 | 3.456.000 |
| *Norðlingaskóli* | Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla | 1 | 3 | 36.000 |
| *Object ehf.* | Snyrtifræði | 4 | 62 | 744.000 |
| *Okkar bakarí* | Bakaraiðn | 5 | 102 | 1.224.000 |
| *Pixel ehf.* | Bókband | 1 | 24 | 288.000 |
| *Pípulagnir Samúels og Kára* | Pípulagnir | 2 | 48 | 576.000 |
| *Pottur ehf.* | Matreiðsla | 11 | 206 | 2.472.000 |
| *Prentmet ehf.* | Bókband | 1 | 8 | 96.000 |
| *Rafeyri ehf.* | Rafvirkjun og rafvélavirkjun | 2 | 18 | 216.000 |
| *Rangárþing eystra* | Leikskólaliðabraut | 1 | 3 | 36.000 |
| *Reykjavíkurborg – Leikskólinn Sólborg* | Leikskólaliðabraut | 1 | 5 | 60.000 |
| *Reykjavíkurborg – umhirða garða og gróðurs* | Garðplöntubraut | 3 | 38 | 456.000 |
| *Reykjavíkurborg – náttúra og garðar* | Garðyrkjuframleiðsla | 1 | 24 | 288.000 |
| *Reynihlíð hf.* | Matsveinanám og matreiðsla | 2 | 24 | 288.000 |
| *Reynir bakari ehf.* | Bakaraiðn | 3 | 72 | 864.000 |
| *Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.* | Vélvirkjun, rafeindavirkjun og rafvirkjun | 9 | 142 | 1.704.000 |
| *Rupia ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 21 | 252.000 |
| *S.Ó.S. Lagnir ehf.* | Pípulagnir | 3 | 52 | 624.000 |
| *Salaskóli* | Skólaliðabraut | 2 | 6 | 72.000 |
| *Salon sf.* | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Sandholt ehf.* | Bakaraiðn, konditor | 5 | 96 | 1.152.000 |
| *Senter ehf.* | Hársnyrtiiðn | 4 | 55 | 660.000 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. ** |
|---|---|---|---|---|
| *Sérsmíði ehf.* | Húsgagnasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Símafélagið ehf.* | Rafeindavirkjun | 1 | 7 | 84.000 |
| *Sjávargrillið ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 16 | 284 | 3.408.000 |
| *Sjúkrahúsið á Akureyri* | Matartæknabraut | 17 | 43 | 516.000 |
| *Skógarbær, hjúkrunarheimili* | Sjúkraliðanám | 4 | 20 | 240.000 |
| *Sláturfélag Suðurlands* | Kjötiðn, kjötskurður | 9 | 166 | 1.992.000 |
| *Slippurinn Akureyri ehf.* | Stálsmíði, vélvirkjun og rennismíði | 30 | 270 | 3.240.000 |
| *Snyrti og nuddstofan Paradís* | Snyrtifræði | 4 | 73 | 876.000 |
| *Snyrtistofan Alda* | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Snyrtistofan Ágústa ehf.* | Snyrtifræði | 4 | 64 | 768.000 |
| *Snyrtistofan Dimmalimm slf.* | Snyrtifræði | 3 | 44 | 528.000 |
| *Snyrtistofan Gyðjan ehf.* | Snyrtifræði | 3 | 69 | 828.000 |
| *Snyrtistofan Helena fagra ehf.* | Snyrtifræði | 3 | 57 | 684.000 |
| *Snyrtistofan Jana ehf.* | Snyrtifræði | 1 | 12 | 144.000 |
| *Snyrtistofan Jóna ehf.* | Snyrtifræði | 3 | 45 | 540.000 |
| *Snyrtistofan Lind ehf.* | Snyrtifræði | 2 | 34 | 408.000 |
| *SpecKtra Hárgreiðslustofa* | Hársnyrtiiðn | 2 | 24 | 288.000 |
| *SS Byggir ehf.* | Húsasmíði og húsgagnasmíði | 4 | 51 | 612.000 |
| *SS Hús ehf.* | Húsasmíði | 1 | 8 | 96.000 |
| *Stálsmiðjan-Framtak ehf.* | Vélvirkjun og húsasmíði | 8 | 53 | 636.000 |
| *Stykkishólmsbær* | Félagsliðabraut | 1 | 5 | 60.000 |
| *Styrktarfélag Klúbbsins Geysis* | Félagsliðabraut | 1 | 6 | 72.000 |
| *Svansprent ehf.* | Prentsmíð (grafísk miðlun) | 4 | 34 | 408.000 |
| *Sveitarfélagið Árborg* | Félagsliðabraut | 1 | 4 | 48.000 |
| *Tis ehf./Strikið* | Matreiðsla og framreiðsla | 13 | 191 | 2.292.000 |
| *Tímadjásn, skartgripaverslun* | Gull- og silfursmíði | 1 | 6 | 72.000 |
| *TK bílar ehf.* | Bifvélavirkjun | 6 | 72 | 864.000 |
| *Trésmiðjan Rein ehf.* | Húsasmíði | 1 | 24 | 288.000 |
| *Urðarapótek ehf.* | Lyfjatækni | 1 | 14 | 168.000 |
| *Veitingahúsið Perlan ehf.* | Matreiðsla og framreiðsla | 20 | 393 | 4.716.000 |
| *Vélamiðstöð ehf.* | Bifvélavirkjun | 2 | 36 | 432.000 |
| *Vélvirki ehf.* | Vélvirkjun og bifvélavirkjun | 4 | 33 | 396.000 |
| *Viðmið ehf.* | Húsasmíði | 3 | 68 | 816.000 |
| *Vörðufell ehf.* | Húsasmíði | 4 | 96 | 1.152.000 |
| *Wink hár ehf.* | Hársnyrtiiðn | 1 | 12 | 144.000 |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Fyrirtæki/stofnun | Námsbraut/starfsgrein | Fjöldi nema* | Samtals vikur | Samtals kr. ** |
|---|---|---|---|---|
| *Þemasnyrting ehf.* | Snyrtifræði | 1 | 24 | 288.000 |
| *ÞG verktakar ehf.* | Húsasmíði | 4 | 46 | 552.000 |
| *Þúsund fjalir ehf.* | Húsasmíði | 1 | 19 | 228.000 |
| *Öldrunarheimili Akureyrar* | Sjúkraliðanám | 14 | 59 | 708.000 |
| *Öldutúnsskóli* | Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla | 1 | 3 | 36.000 |
| *Örtækni* | Rafeindavirkjun | 1 | 24 | 288.000 |
| **Samtals** | | **1.057** | **15.266,5** | **183.198.000** |

* Sé sótt um styrk fyrir nema á báðum tímabilum ársins er sá nemi tvítalinn í þessari töflu. Heildarfjöldi styrktra nemenda á árinu var 746, séu nöfnin talin.
** Styrkupphæð var ákveðin 12.000 kr. á viku á fyrri hluta ársins og 5.000 kr. á viku á þeim seinni. Til að mæta þessari lækkun ákvað stjórn Vinnustaðanámssjóðs að veita þeim sem fengu styrk á seinni hluta ársins 7.000 kr. aukaúthlutun á viku. Þó svo þessi aukaúthlutun hafi verið tekin af fjárlögum ársins 2016 birtist hún í þessum tölum þar sem hún var bundin umræddri haustúthlutun.

### Tafla 3. Skipting úthlutunar eftir starfsnámsbrautum á árinu 2015

| Starfsnámsbrautir | Vilyrði | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar** | **108.288.000** | **59,11%** |
| Bakaraiðn | 8.244.000 | 4,50% |
| Framreiðsla | 20.112.000 | 10,98% |
| Kjötiðn | 10.068.000 | 5,50% |
| Matartæknabraut | 660.000 | 0,36% |
| Matreiðsla | 69.012.000 | 37,67% |
| Matsveinanám | 192.000 | 0,10% |
| **Bygginga- og mannvirkjagreinar** | **18.024.000** | **9,84%** |
| Húsasmíði | 9.960.000 | 5,44% |
| Húsgagnabólstrun | 216.000 | 0,12% |
| Húsgagnasmíði | 1.176.000 | 0,64% |
| Málaraiðn | 300.000 | 0,16% |
| Múraraiðn | 1.548.000 | 0,84% |
| Pípulagnir | 4.824.000 | 2,63% |
| **Heilbrigðis- og félagsgreinar** | **15.876.000** | **8,67%** |
| Félagsliðabraut | 288.000 | 0,16% |
| Heilbrigðisritarabraut | 348.000 | 0,19% |
| Hjúkrunarritarabraut | 264.000 | 0,14% |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is

| Starfsnámsbrautir | Vilyrði | Hlutfall |
|---|---|---|
| Lyfjatækni | 744.000 | 0,41% |
| Læknaritarabraut | 384.000 | 0,21% |
| Sjúkraliðanám | 13.848.000 | 7,56% |
| **Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar** | **14.532.000** | **7,93%** |
| Blikksmíði | 1.056.000 | 0,58% |
| Málmsuða | 960.000 | 0,52% |
| Rennismíði | 732.000 | 0,40% |
| Stálsmíði | 864.000 | 0,47% |
| Vélvirkjun | 10.920.000 | 5,96% |
| **Snyrtigreinar** | **14.484.000** | **7,91%** |
| Hársnyrtiiðn | 5.712.000 | 3,12% |
| Snyrtifræði | 8.772.000 | 4,79% |
| **Farartækja- og flutningsgreinar** | **5.220.000** | **2,85%** |
| Bifreiðasmíði | 180.000 | 0,10% |
| Bifvélavirkjun | 5.040.000 | 2,75% |
| **Rafiðngreinar** | **2.280.000** | **1,24%** |
| Rafeindavirkjun | 660.000 | 0,36% |
| Rafvélavirkjun | 48.000 | 0,03% |
| Rafvirkjun | 1.572.000 | 0,86% |
| **Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar** | **1.488.000** | **0,81%** |
| Bókband | 384.000 | 0,21% |
| Ljósmyndun | 156.000 | 0,09% |
| Prentsmíð (grafísk miðlun) | 660.000 | 0,36% |
| Prentun | 288.000 | 0,16% |
| **Hönnunar- og handverksgreinar** | **1.404.000** | **0,77%** |
| Fatatæknir | 96.000 | 0,05% |
| Gull- og silfursmíði | 360.000 | 0,20% |
| Handíðabraut | 288.000 | 0,16% |
| Kjólasaumur | 660.000 | 0,36% |
| **Garðyrkja** | **1.182.000** | **0,65%** |
| Garðplöntubraut | 456.000 | 0,25% |
| Garðyrkjuframleiðsla | 576.000 | 0,31% |
| Skrúðgarðyrkja | 150.000 | 0,08% |
| **Uppeldis- og tómstundagreinar** | **420.000** | **0,23%** |
| Leikskólaliðabraut | 96.000 | 0,05% |
| Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskóla | 108.000 | 0,06% |
| Skólaliðabraut | 216.000 | 0,12% |
| **Samtals** | **183.198.000** | **100,00%** |


Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís • Borgartúni 30, 105 Reykjavík
sími 515 5800 • fax 552 9814 • www.rannis.is • rannis@rannis.is